

49. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 315 22. ágúst 1977, og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. júlí 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september.:

<b>Vélskelflett rækja</b>	<b>SDR pr. lb. cif.</b>
<b>Færri en 350 st. í lb.:</b>	
Blokkfryst .....	2,539
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....	2,539
5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,661
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	2,957
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,101
<b>Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:</b>	
Blokkfryst .....	2,427
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....	2,427
5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst .....	2,539
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	2,815
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	2,957
Verðbil verður 5%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1985.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*